

Aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Samvinna í þágu barna

2026–2030





Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

5. gr.

1. mgr. Sveitarfélög skipa svæðisbundin farsældarráð sem eru vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna. **Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga.** Ráðið skal hafa samráð við fulltrúa notenda á viðkomandi svæði.

2. mgr. Svæðisbundin farsældarráð skulu vinna áætlun um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu um farsæld barna og framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarþings.

Aðilar Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins





Áætlunin byggir á:

- [drögum um stefnu stjórnvalda um farsæld barna](#),
- grunnstöðum farsældar (menntun, lífsgæði, heilsa, öryggi, þátttaka),
- niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ),
- niðurstöðum farsældarpings frá hausti 2023,
- niðurstöðum frá vinnustofum um börn í viðkvæmri stöðu sem fram fóru í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2022-2025
- niðurstöðu áhersluverkefnis sóknaráætlunar SSH 2024 um
 - forvarnir og geðrækt barna og ungmenna 16-25 ára
- tillögum allra aðila farsældarráðs, foreldraráða og ungmennaráða á hbsv.




Drög að þingsályktun um stefnu um farsæld barna

Stoðir stefnu um farsæld barna:

- A. Jafnræði allra barna og fjölskyldna þeirra.
- B. Barnvæn nálgun og þátttaka barna.
- C. Stuðningur í þágu barna og fjölskyldna þeirra.
- D. Fræðsla, forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir í þágu barna.
- E. Framúrskarandi mannauður í þágu barna.
- F. Áreiðanleg og heildstæð gögn liggi til grundvallar ákvarðanatöku stjórnvalda.

Grunnstoðir farsældar og undirflokkar

MENNTUN	LÍFSGÆÐI OG FÉLAGSLEG STAÐA	HEILSA OG VELLÍÐAN	ÖRYGGI OG VERND	ÞÁTTTAKA OG FÉLAGSLEG TENGL
Færni	Efnisleg lífsgæði	Líkamleg heilsa	Ofbeldi og vanræksla	Virkni
Líðan í skóla	Fjölskyldulíf	Geðheilsa	Öryggi	Almenn þátttaka
Aðgengi að menntun			Áhættuhegðun	Samfélagsmiðlar
				Vínátta



HÉR má nálgast samantekt á niðurstöðum þingsins

Grunnstoðir farsældar				
Menntun	Lífsgæði og félagsleg staða	Heilsa og vellíðan	Öryggi og vernd	Þátttaka og félagsleg tengsl
Færni	Efnisleg lífsgæði	Líkamleg heilsa	Ofbeldi og vanræksla	Virkni
		A2.2 Skólahjúkrunarfræðingar A3.1 Foreldrafræðsluleiðarvísir A6.1 Stuðn. í íþróttum	A5.2 Flæðirit lögreglu og tilkynningarskyldan A5.3 Samvinna leikskóla og barnaverndar A5.1 Púlsinn	A6.1 Stuðningur f. börn m. stuðningsparfir í íþróttum
Líðan	Fjölskyldulíf	Geðheilsa	Öryggi	Almenn þátttaka
A2.1 Skólasókn A2.2 Skólahjúkrunarfr. A2.3 Upplýs. um aðila til að leita til	A3.1 Foreldrafræðsluleiðarvísir A4.2 Efling samvinnu heimilis og skóla	A1.2 Farsældar-erindreki A3.2 Gæðaviðmið v/forvarna- og geðræktar f. 16-25 ára A3.3 Sameiginleg lágþröskuldapjónusta fyrir 16-25 ára	A5.4 Öryggi á skólasalernum A5.5 Öryggi í strætó	A6.2 Samvinna um fjölmenningarlega nálgun við heimilin - handbók A6.3 Viðmið um verklag fyrir ungmenningaráð
Aðgengi			Áhættuhegðun	Samfélagsmiðlar
A5.4 Öryggi á skólasalernum A4.2 Efling samvinnu heimilis og skóla A4.3 Gæðaviðmið um foreldraráð			A3.4 Ráðgjöf f. foreldra sem eiga börn í vímuefnavanda A5.1 Púlsinn A5.2 Flæðirit lögreglu og tilkynningarskyldan A3.1 Foreldrafræðsluleiðarvísir	A3.1 Foreldrafræðsluleiðarvísir Vinátta A4.1 Farsældarsáttm. A4.2 Efling samvinnu heimilis og skóla
Allt				
		A1.1 Farsældarverklagið A1.2 Farsældarerindreki A1.3 Farsældarvika A3.1 Foreldrafræðsluleiðarvísir		



Langtímamarkmið til fjögurra ára

- Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna:
Bætt flæði upplýsinga og öflugri samvinna
- Bætt líðan barna í skóla
- með áherslu á viðkvæma hópa
- Öflugri saman í forvörnum og fræðslu
- aðilar farsældarráðs vinna saman
- Betri tenging milli heimilis og skóla
- Bætt öryggi og öryggistilfinning barna
- Aukið jafnræði barna



Forgangsaðgerðir 2026-2027

- Farsældarerindreki (Farsældar-agent (AI))
- Sameiginleg farsældarvika árlega
- Samvinna í tengslum við skólasóknarvanda
- Sameiginleg gæðaviðmið um foreldrafræðslu - Foreldrafræðsluleiðarvísir
- Sameiginleg gæðaviðmið varðandi forvarnir og geðrækt fyrir 16-18 ára
- Farsældarverklagið: Bætt upplýsingaflæði milli aðila
 - Bætt upplýsingaflæði milli framhaldsskóla og sveitarfélaga
 - Bætt upplýsingarflæði milli íþróttafélaga og sveitarfélaga: Skýrara hlutverk þjálfara og skýrara verklag innan íþróttafélaga
 - Bætt upplýsingaflæði milli heilsugæslu og sveitarfélaga
 - Sameiginlegur verkferill um skil á milli allra tengiliða

Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna:

Bætt flæði upplýsinga og öflugri samvinna

Yfirlit aðgerða



- ★A1.1: Farsældarverklagið: Bætt upplýsingarflæði milli aðila
 - Bætt upplýsingaflæði milli framhaldsskóla og sveitarfélaga
 - Íþróttahreyfingin og farsældarverklagið
 - Bætt upplýsingaflæði milli heilsugæslu, sveitarfélaga og framhaldsskóla
- ★ A1.2: Farsældarerindreki (Farsældar-AI agent)
- ★ A1.3: Sameiginleg farsældarvika árlega

Bætt líðan barna í skóla:
-með áherslu á viðkvæma hópa barna
Yfirlit aðgerða



- ★ A2.1: Samvinna í tengslum við skólasóknarvanda
- A2.2: Efling tengingar milli skólahjúkrunarfræðinga og tengiliða í skólum
- A2.3: Aukið aðgengi að upplýsingum fyrir börn um það við hvern þau geta talað innan skólans og á hvaða tíma

Öflugri saman í forvörnum og fræðslu *-aðilar farsældarráðs vinna saman*

Yfirlit aðgerða



- ★ A3.1: Sameiginleg gæðaviðmið um foreldrafræðslu – Foreldrafræðsluleiðarvísir
- ★ A3.2: Samræmd gæðaviðmið sveitarfélaganna vegna forvarna og geðræktar fyrir 16-25 ára
- A3.3: Sameiginleg lágpröskuldapjónusta og ráðgjöf fyrir 16–25 ára
- A3.4: Bætt ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga börn í vímuefnavanda

Betri tenging milli heimilis og skóla

Yfirlit aðgerða



- A4.1: Innleiðing og efling Farsældarsáttmálans í samstarfi við Heimili og skóla
- A4.2: Efling samvinnu heimilis og skóla: Verkfærakista
- A4.3: Sameiginleg gæðaviðmið um foreldarfélög og foreldraráð

Bætt öryggi og öryggistilfinning barna

Yfirlit aðgerða



- ★ A5.1: Kynningar vegna Púlsins, bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna
- A5.2: Kynning á flæðiritum lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi, vopnaburði og kynferðisofbeldi og tilkynningarskyldu til barnaverndar
- A5.3: Samvinna og stuðningur barnaverndar við leikskóla
- A5.4: Betri öryggistilfinning barna á skólasalernum
- A5.5: Öryggi barna í strætó – samráð við ungmennaráð

Aukið jafnræði barna

Yfirlit aðgerða



- A6.1: Greining og mat á stuðningi fyrir börn með stuðningsþarfir til virkni í íþróttum
- A6.2: Handbók fyrir starfsfólk um menningarnæmi og millimenningarfærni
- A6.3: Viðmið um verklag fyrir ungmennaráð sveitarfélaga og aðkomu að ákvarðanatöku



Bætt flæði upplýsinga og öflugri samvinna:

SAMÞÆTT ÞJÓNUSTA Í ÞÁGU FARSÆLDAR BARNNA

Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna:

Bætt flæði upplýsinga og öflugri samvinna

Yfirlit aðgerða



- ★A1.1: Farsældarverklagið: Bætt upplýsingarflæði milli aðila
 - Bætt upplýsingaflæði milli framhaldsskóla og sveitarfélaga
 - Bætt upplýsingaflæði milli heilsugæslu og sveitarfélaga (og heilsugæsla – framhaldsskólar einnig)
 - Sameiginlegur verkferill um skil á milli allra tengiliða
 - Íþróttahreyfingin og farsældarverklagið
- ★ A1.2: Farsældarerindreki (Farsældar-AI agent)
- ★ A1.3: Sameiginleg farsældarvika árlega

A1.1 Farsældarverklagið: Bætt upplýsingaflæði milli aðila

LM1: Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Hvað á að gera

Samræma og bæta upplýsingaflæði milli allra lykilaðila í farsældarkerfinu með fjórum áherslum:

- a) Samræma verklag milli grunnskóla, framhaldsskóla og félagsþjónustu til að tryggja skilvirkt upplýsingaflæði.
- b) Samræma verklag milli heilsugæslu, leik-, grunn- og framhaldsskóla og félagsþjónustu og efla samvinnu og sameiginleg markmið.
- c) Móta og innleiða sameiginlegan verkferil um skil upplýsinga milli tengiliða, þ.m.t. lágmarksviðmið, skjöl og ábyrgðarmörk.
- d) Skilgreina hlutverk íþróttafélaga í farsældarkerfinu, útbúa leiðbeiningar fyrir þjálfara og tryggja tengingu þeirra við tengiliði og málstjóra. Framkvæma greiningu, mótun verklags, kynningu og þjálfun fyrir tengiliði og málstjóra og tryggja reglulega eftirfylgd og umbætur.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Verkefnastjóri farsældarráðs, innleiðingarstjórar farsældar í sveitarfélögunum, SSH, svæðisfulltrúar íþróttahéraða á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarf: Sveitarfélög (fræðsluvið og félagsþjónusta), heilsugæsla, leik-, grunn- og framhaldsskólar, tengiliðir farsældar, íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu.

Tímalína og kostnaður

Tímalína:

2026: Greining og mótun verklags og leiðbeininga • 2027: Kynning, þjálfun og prufukeyrsla • 2028–2029: Fínstilling, regluleg kynning og eftirfylgd • 2030: Heildarmat og endurbætur

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Árangursmælingar (KPI)

Samræmt verklag samþykkt af öllum aðilum (lok árs 2026).

Lágmarksverkferlar um skil milli tengiliða samþykktir og kynntir (2026).

Aukið og skilvirkara upplýsingaflæði samkvæmt könnunum meðal tengiliða (2028).

Ánægja tengiliða með upplýsingaflæði $\geq 4/5$ (2030).

$\geq 80\%$ ánægja með skilvirkni skila milli stofnana (2029).

$\geq 90\%$ þjálfara hafi fengið skýr skilaboð um hlutverk sitt og leiðbeiningar (2027).

Farsældartengiliður til staðar í $\geq 75\%$ íþróttafélaga (2028).

A1.2 Farsældararerindreki (AI agent) – snjöll upplýsingamiðlun um úrræði og þjónustu

LM1: Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Hvað á að gera

Hanna, þróa og innleiða stafrænan Farsældararerindreka (AI agent) sem veitir aðgengilegar, persónusniðnar og áreiðanlegar upplýsingar um þjónustu, úrræði, fræðslu og forvarnir sem aðilar farsældarráðs bjóða upp á fyrir börn, foreldra og fagfólk á höfuðborgarsvæðinu.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: SSH – aðkeypt vinna og ráðgjöf.
Samstarf: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, íþróttahéruðin á höfuðborgarsvæðinu
Framkvæmd:
Ráðinn verkefnastjóri/sérfræðingur (tímabundið) til að leiða þróun og samhæfingu.
Tækniaðili/þróunarteymi sér um hönnun og forritun.
Aðilar farsældarráðs tryggja aðgengi að sínum vefgögnum og samþykka notkun þeirra. Hver aðili tryggir uppfærslur á þeim vefgögnum sem hann bendir á. Allir aðilar geta sett farsældararerindrekann upp á sínum vef.

Tímalína og kostnaður

Tímalína:2026 (Q2-A4): Skilgreining, hönnun, þróun og prufukeyrsla (pilot) • Lok 2026: Fyrsta útgáfa tekin í notkun hjá völdum aðilum • 2027: Útfærsla, betrubætur og innleiðing hjá öllum samstarfsaðilum • 2028-2030: Rekstur, viðhald og áframhaldandi þróun
Kostnaður: ATH verkefnið hefur þegar verið samþykkt sem áhersluverkefni sóknaráætlunar 2026. 6 milljónir hafa þegar fengist til verkefnisins fyrir árið 2026 • 2027 5 m.kr (innleiðing, þróun og kynning) • 2028 – 2030: 4 m.kr. á ári (rekstur, viðhald, áframhaldandi þróun)

Árangursmælingar (KPI)

Aðgengi: Erindrekin tilbúinn og í boði fyrir alla aðila farsældarráðs til uppsetningar á sínum vef fyrir lok 2027
Ánægja notenda: ≥ 4/5 í könnun 2028 og 2029
Gæði svara: ≥ 90% svara metin gagnleg í notendaprófunum

A1.3 Sameiginleg farsældarvika árlega

LM1: Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Hvað á að gera

Allir aðilar farsældarráðs koma sér saman um dagsetningu fyrir farsældarviku þar sem hver og einn aðili skipuleggur eitthvað til að kynna verklag farsældar, ýmist inn á við og/eða út á við. Einnig er hvatt til sameiginleg viðburðar farsældarráðs. Markmiðið er að vekja athygli á skilvirkum leiðum farsældar til að tryggja barni þann stuðning sem það þarf og að efla fagfólk sem vinnur með börnum á sama tíma. Þetta geta verið kynningar, opnir viðburðir, fræðsla og sameiginlegar auglýsingar allra aðila farsældarráðs.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Innleiðingarstjórar farsældar ásamt verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins
Samstarf: Allir aðilar farsældarráðs

Tímalína og kostnaður

Tímalína: Árlega 2026–2030 (undirbúningur 2–3 mánuðum fyrir)
Kostnaður: 2027–2030 2,5 milljón kr. árlega (sameiginlegir viðburðir, efni, miðlun)

Árangursmælingar (KPI)

Fjöldi verkefna/viðburða sem eiga sér stað, allir aðilar taka þátt (aukning ár frá ári).
Mæling á vitund/þekkingu á farsældarlögunum (stutt netkönnun, aukning ár frá ári).



BÆTT LÍÐAN BARNNA Í SKÓLA

með áherslu á viðkvæma hópa

Bætt líðan barna í skóla:
-með áherslu á viðkvæma hópa barna
Yfirlit aðgerða



- ★ A2.1: Samvinna í tengslum við skólasóknarvanda
- A2.2: Efling tengingar milli skólahjúkrunarfræðinga og tengiliða í skólum
- A2.3: Aukið aðgengi að upplýsingum fyrir börn um það til hvaða aðila innan skólans þau geta leitað og á hvenær

A2.1 Samvinna í tengslum við skólasóknarvanda

LM2: Bætt líðan barna í skóla

Hvað á að gera

Útbúa sameiginleg viðmið um skólasókn og verklag þegar henni er ábótavant. Samræmt viðbragðsferli þegar skólasókn er ábótavant eftir þrepum. Verkfærakista (t.d. spurningalisti fyrir foreldra, upplýsingabæklingur) kynningarefni um verklag og viðbragðsferli vel kynnt fyrir nemendum og foreldrum og þannig stuðlað að vitundarvakningu um mikilvægi fullnægjandi skólasóknar.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Mennta- og barnamálaráðuneytið og vinnuhópur farsældarráðs með fulltrúum úr sveitarfélögunum
Samstarf: Heilsugæslan, framhaldsskólar

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: mótun viðmiða, verklags og viðbragðsferils. Verkfærakista þróuð. Prufur. • 2027: Kynningar fyrir starfsfólki, foreldrum og nemendum • 2029–2030: Mat á árangri og endurmat

Kostnaður: Vinnframlag starfsfólks + 1 m.kr. (kynningarefni)

ATH Verkefnið hefur þegar verið samþykkt sem áhersluverkefni sóknaráætlunar 2026. 1 milljón hefur þegar fengist til verkefnisins vegna kostnaðar við kynningarefni. Samvinna við menntamálaráðuneytið er þegar hafin þar sem stefnt er að því að gefa út landsviðmið, verklag og úrræðabanka.

Árangursmælingar (KPI)

Hlutfall nemenda með langvarandi fjarvist (>4 vikur) lækkar (mark: -10% 2028, -20% 2030).

A2.2 Hjúkrunarfr. sem sinna heilsuvernd skólabarna tengja við tengilið skólans

LM2: Bætt líðan barna í skóla

Hvað á að gera

Tenging við samþættingu þjónustu í þágu farsældar sett inn í verklag hjúkrunarfræðinga sem sinna heilsuvernd skólabarna í grunnskólum og framhaldsskólum. Bætt er inn í verklag hjúkrunarfræðinganna að þegar þörf er á samtali við foreldra eftir skimanir er bætt við að hjúkrunarfræðingar bendi foreldrum á að ræða við tengilið barns í skólanum varðandi samþættingu þjónustu.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Heilsugæsla (skólahjúkrun),

Samstarf: Sveitarfélögin (skólastjórnendur, tengiliðir), framhaldsskólar (skólastjórnendur, tengiliðir)

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: Verklag hjúkrunarfræðinga sem sinna heilsuvernd skólabarna uppfært • 2027: Kynning og innleiðing • 2029: Endurmat

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks

Árangursmælingar (KPI)

Uppfærsla verklags tilbúin og kynnt (2027).

Tengiliðir greina frá því að fleiri foreldrar leiti til þeirra eftir samtali við hjúkrunarfræðing sem sinnir heilsuvernd skólabarna (2027).

A2.3 Aukið aðgengi að upplýsingum fyrir börn um til hvaða aðila innan skólans þau geta leitað og hvenær

LM2: Bætt líðan barna í skóla

Hvað á að gera

Tryggja að í hverjum skóla séu skýrar og aðgengilegar upplýsingar um til hvers börn geta leitað þegar þeim líður illa eða eitthvað kemur upp. Hver skóli útbýr og kynnir einfalt kynningarefni (t.d. veggspjald eða stafrænar upplýsingar) með nöfnum, hlutverkum og viðverutíma viðeigandi starfsmanna. Framsetning löguð að aldri og þörfum barna. Sýnilegt í skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Tryggja reglulega kynningu á upplýsingunum svo öll börn viti hvert þau geta leitað. Kynning bæði fyrir börn og foreldra. Tryggja að tengiliður farsældar sé virkur þátttakandi í kynningu og eftirfylgni.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Skólastjórnendur í hverjum skóla (grunnskólar og framhaldsskólar), forsvaraðilar frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Samstarf: Fræðsluvið sveitarfélaga, starfsfólk skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2027-2028: Leiðbeiningar til skóla þróaðar og kynntar. Innleiðing í öllum skólum • 2029–2030: Eftirfylgni og endurmat á aðgengi og sýnileika upplýsinga
Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Árangursmælingar (KPI)

Hlutfall skóla sem hafa aðgengilegar og uppfærðar upplýsingar um til hvers nemendur geta leitað (2028).
Hækkað hlutfall barna segjast vita við hvern þau geta talað í skólanum ef þeim líður illa eða eitthvað kemur upp (ÍÆ, hækkandi með hverju árinu frá 2028)



Aðilar farsældarráðs vinna saman

ÖFLUGRI SAMAN Í FORVÖRNUM OG FRÆÐSLU

Öflugri saman í forvörnum og fræðslu *-aðilar farsældarráðs vinna saman*

Yfirlit aðgerða



- ★ A3.1: Sameiginleg gæðaviðmið um foreldrafræðslu – Foreldrafræðsluleiðarvísir
- ★ A3.2: Samræmd gæðaviðmið sveitarfélaganna vegna forvarna og geðræktar fyrir 16-25 ára
- A3.3: Sameiginleg lágpröskuldapjónusta og ráðgjöf fyrir 16–25 ára
- A3.4: Bætt ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga börn í vímuefnavanda

A3.1 Sameiginleg gæðaviðmið um foreldrafræðslu - Foreldrafræðsluleiðarvísir

LM3: Öflugri saman í forvörnum og fræðslu

Hvað á að gera

Útbúa sameiginleg gæðaviðmið um foreldrafræðslu.

Útbúa sameiginlegt foreldrafræðslulíkan/leiðarvísi um hvaða fræðslu æskilegt sé að foreldrar hafi fengið skipt eftir aldri barns. Leiðarvísinum fylgja tenglar inná mismunandi fræðslur/fræðsluefni. Fræðsluleiðarvísir aðgengilegur rafrænt.

Áhersla lögð á að leiðarvísinn og að fræðslan sé aðgengileg á mörgum tungumálum og með fjölmenningarlegri nálgun.

Áætlun um kynningu og dreifingu efnis sett fram. Tengt við farsældarerindrekann, aðgerð A1.2.

Hugmyndabanki útbúinn þar sem tekin eru dæmi um vel heppnaðar foreldrafræðslur og gerður aðgengilegur öllum sveitarfélögum.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: SSH (aðkeypt vinna og ráðgjöf)

Samstarf: Heilsugæslan, fræðsluvið, velferðarsviðs, lögregla, framhaldsskólar, íþróttahreyfing, foreldraráð í sveitarfélögum, embætti landlæknis

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: Gæðaviðmið útbúin, foreldrafræðsluleiðarvísir unninn, hugmyndabanki • 2027: Rafrænt svæði og kynningarefni útbúið ásamt kynningaráætlun þar sem allir aðilar farsældarráðs eru virkjaðir og senda foreldrum ábendingu á svæðið • 2028–2030: viðhald og endurmat

Kostnaður: 2026: 5 m. kr. (verkefnastjórn, hönnun á efni, þýðingar) • 2027: 3 m.kr (áframhaldandi vinna, kynningar og miðlun)

ATH Verkefnið hefur þegar verið samþykkt sem áhersluverkefni sóknaráætlunar 2026. 5 milljónir hafa þegar fengist til verkefnisins.

Árangursmælingar (KPI)

Gæðaviðmið og foreldrafræðsluleiðarvísir tilbúinn (2027)

Foreldrar hafa heyrt um foreldrafræðsluleiðarvísi (≥ 50% foreldra 2028).

A3.2 Samræmd gæðaviðmið sveitarfélaganna vegna forvarna og geðræktar fyrir 16-25 ára

LM3: Öflugri saman í forvörnum og fræðslu

Hvað á að gera

Leggja fyrir sveitarfélögin samræmd gæðaviðmið um forvarnir og geðrækt fyrir ungmenni 16-25 ára.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Vinnuhópur SSH um forvarnir og geðrækt fyrir 16-25 ára ásamt verkefnastjóra Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.
Samstarf: Sveitarfélögin

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026 - 2027: Endanleg mótun gæðaviðmiða og framsetning unnin. Gæðaviðmið lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar • 2027: Hvert sveitarfélag nýtir gæðaviðmiðin til forgangsroðunar hjá sér • 2028 –2029: Árangursmat
Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks

Árangursmælingar (KPI)

Samræmd gæðaviðmið sveitarfélaganna vegna forvarna og geðræktar fyrir 16-25 ára samþykkt í öllum sveitarstjórnnum (2027).

A3.3 Lágþröskuldapjónusta og ráðgjöf fyrir 16–25 ára

LM3: Öflugri saman í forvörnum og fræðslu

Hvað á að gera

Í samræmi við niðurstöður áhersluverkefnis SSH um forvarnir og geðrækt fyrir 16-25 ára:

- Geri sveitarfélögin sameiginlegan samning við aðila sem býður upp á geðræktarþjónustu fyrir 12-18 ára, ókeypis og án tilvísunar.
- Sveitarfélögin undirriti viljayfirlýsingu um að vinna saman að eflingu ráðgjafa og starfsfólks ungmennahúsa með sameiginlegum námskeiðum og jafningjastuðningi og – fræðslu fyrir starfsfólk ungmennahúsa.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Vinnuhópur SSH um forvarnir og geðrækt ásamt verkefnastjóra Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Samstarf: Fræðslu- og velferðarsvið sveitarfélaganna

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026-2027: Viljayfirlýsing um samvinnu sveitarfélaganna vegna ráðgjafar/stuðnings við 16-18 ára útbúin og samþykkt. Samningagerð við aðila sem býður upp á geðræktarþjónustu fyrir 12-18 ára, samningur lagður fyrir sveitarstjórnir til samþykkis • 2028–2030: Virk samvinna, endurskoðun, mat á árangri

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks. Sameiginlegur samningur við aðila sem býður upp á geðræktarþjónustu ásamt hlutfallslegum kostnaði verður lagður sérstaklega fyrir hverja sveitarstjórn til samþykkis.

Árangursmælingar (KPI)

Sameiginlegur samningur við aðila sem býður upp á geðræktarþjónustu fyrir 12-18 ára, ókeypis og án tilvísunar, tilbúinn um mitt ár 2027.

Starfsfólk ungmennahúsa telur aukna samvinnu milli sveitarfélaga skila skilvirkara starfi. (könnun 2028)

A3.4 Bætt ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga börn í vímuefnavanda

LM3: Öflugri saman í forvörnum og fræðslu

Hvað á að gera

Sveitarfélögin sameinist um að bjóða uppá endurgjaldslausa ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga börn í vímuefnavanda.

Sveitarfélögin geri sameiginlegan samning við viðurkenndan aðila sem býður uppá ráðgjöf og fræðslu fyrir foreldra sem eiga börn í vímuefnavanda.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: SSH sér um samningsgerð við viðurkenndan aðila.

Samstarf: Velferðarsvið sveitarfélaganna

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: Samningagerð við viðurkenndan aðila. • 2027: Virk starfsemi (fer eftir lengd samnings). • 2028 Endurskoðun samnings

Kostnaður: 2026: 10 m. kr.

ATH Verkefnið hefur þegar verið samþykkt sem áhersluverkefni sóknaráætlunar 2026. 10 milljónir hafa þegar fengist til verkefnisins.

Árangursmælingar (KPI)

Sameiginlegur samningur við viðurkenndan aðila tilbúinn 2026.

Virk starfsemi 2027 og skráningar aðila á nýtingu úrræðis.



BETRI TENGING MILLI HEIMILIS OG SKÓLA

Betri tenging milli heimilis og skóla

Yfirlit aðgerða



- A4.2: Innleiðing og efling Farsældarsáttmálans í samstarfi við Heimili og skóla
- A4.2: Efling samvinnu heimilis og skóla: Verkfærakista
- A4.3: Sameiginleg gæðaviðmið um samstarf heimilis og skóla

A4.1 Innleiðing og efling Farsældarsáttmálans í samstarfi við Heimili og skóla

LM4: Betri tenging milli heimilis og skóla

Hvað á að gera

Heimili og skóli, í samvinnu við fræðslusvið sveitarfélaganna, kanna hvaða skólar hafa nýtt sér [vinnustofu um Farsældarsáttmála](#) á vegum Heimilis og skóla. Fræðslusviðin hvetji þá skóla sem ekki hafa nýtt sér vinnustofuna til þess að nýta þennan stuðning og setja upp áætlun í samvinnu við Heimili og skóla. Fræðslusviðin senda út hvatningu til eftirfylgni til þeirra skóla þar sem vinnustofan hefur þegar farið fram.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Heimili og skóli í samstarfi við fræðslusvið sveitarfélaganna.

Samstarf: Skólar, foreldrafélög, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og íþróttafélög ef við á.

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: Greining, hvatning send út til skóla/foreldraráða • 2027–2029: innleiðing í flestum skólum • 2030: festing og endurmat

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks

Árangursmælingar (KPI)

Hlutfall skóla sem innleiðir sáttmála (70% 2028, 85% 2030).

Ánægja foreldra með farsældarsáttmála og virðingu fyrir honum (könnun Heimilis og skóla).

A4.2 Efling samvinnu heimilis og skóla: Verkfærakista

LM4: Betri tenging milli heimilis og skóla

Hvað á að gera

Greina hvaða efni/verkfæri eru til er varða samvinnu heimilis og skóla. Taka saman efni í einfalt skjal með tenglum auk þess sem samantektin er gerð aðgengileg rafrænt.
Kannanir sendar út til foreldraráða sveitarfélaganna og skóla við þarfagreiningu.
Upplýsa fulltrúa skóla um efnið og hvetja til notkunar þess.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Heimili og skóli ásamt verkefnastjóra Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins bera ábyrgð á samantekt.
Samstarf: Fræðslusvið sveitarfélaganna koma efninu til skólastjórnenda í grunn- og leikskólum þegar það er tilbúið. Fulltrúi framhaldsskóla í Farsældarráði kemur viðeigandi efni til skólastjórnenda framhaldsskóla.

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2027: Greining á efni og samantekt útbúin. Efni og hvatning til að nýta sér það sent út til skóla, kynningarátak • 2028–2030: Minnt á efni. Notkun mæld.
Kostnaður: 2027: 2. m. kr. laun fyrir Heimili og skóla, m.a. fyrir tæknilegum útfærslum og fyrir fyrirlögnum á könnunum.

Árangursmælingar (KPI)

Skólar nýta einhvern hluta efnisins samkvæmt könnun ($\geq 80\%$ 2028).

A4.3 Sameiginleg gæðaviðmið um foreldarafélög og foreldraráð

LM4: Betri tenging milli heimilis og skóla

Hvað á að gera

Starfshópur á vegum Hafnarfjarðarbæjar tók saman skýrslu um samstarf heimilis og skóla árið 2024. Þ.m.t. voru gæðaviðmið um samstarf heimilis og skóla og tillögur um skýra ábyrgðar- og verkaskiptingu milli stjórnsýslu sveitarfélagsins, stjórnenda grunnskóla, foreldraráða í grunnskólum og foreldraráðs sveitarfélagsins. Tillögurnar sem settar voru fram í þessari skýrslu voru samþykktar og komið til framkvæmdar innan Hafnarfjarðarbæjar sama ár. Foreldraráð Hafnarfjarðar er eitt virkasta foreldraráðið á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst vegna þessa skýra verklags.

Gæðaviðmiðin og ábyrgðar- og verkaskipting þessi aðlöguð almennt að sveitarfélögum og kynnt fyrir fræðsluráðum sveitarfélaga. Hvert sveitarfélag hvatt til að aðlaga gæðaviðmiðin að sínu sveitarfélagi og til að leggja fyrir sína sveitarstjórn til samþykktar. Ef samþykkt þá þarf að kynna viðmiðin og ábyrgðar- og verkaskiptinguna fyrir öllum viðkomandi; innan stjórnsýslunnar, fyrir skólastjórnendum og foreldrafélögum og -ráðum.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins ásamt áheyrnarfulltrúum foreldra í Farsældarráði höfuðborgarsvæðisins. Samstarf: Fræðsluráð sveitarfélaganna, sveitarstjórnir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ef við á, grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu, foreldraráð grunnskóla og foreldraráðsveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2027: Sameiginleg gæðaviðmið um samstarf heimilis og skóla aðlöguð almennt að sveitarfélögum og kynnt fyrir fræðsluráðum. • 2028–2030: eftirfylgni og mat
Kostnaður: Gæðaviðmiðin og verlag eru tilbúin. Aðeins þarf að aðlaga almennt að sveitarfélögum og kynna fyrir fræðsluráðum.

Árangursmælingar (KPI)

Virk og starfandi foreldraráð í öllum sveitarfélögum sem vinna samkvæmt gæðaviðmiðunum og við starfsumhverfi sem samræmist gæðaviðmiðunum. (2029)



BÆTT ÖRYGGI OG ÖRYGGISTILFINNING BARNNA

Bætt öryggi og öryggistilfinning barna

Yfirlit aðgerða



- ★ A5.1: Kynningar vegna Púlsins, bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna
- A5.2: Kynning á flæðiritum lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi, vopnaburði og kynferðisofbeldi og tilkynningarskyldu til barnaverndar
- A5.3: Samvinna og stuðningur barnaverndar við leikskóla
- A5.4: Betri öryggistilfinning barna á skólasalernum
- A5.5: Öryggi barna í strætó – samráð við ungmennaráð

A5.1 Kynningar vegna Púlsins, bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.08 2026

LM5: Bætt öryggi og öryggistilfinning barna

Hvað á að gera

Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær, í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Barna- og fjölskyldustofu, hafa gert samstarfssamning um stofnun Púlsins, bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna. Aðilar farsældarráðs geri áætlun um dreifingu upplýsinga um Púlsinn og fylgja því eftir að upplýsingar komist til skila til allra á þeirra vegum sem vinna með börnum.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Stýrihópur Púlsins
Samstarf: Allir aðilar farsældarráðs; fræðslu- og velferðarsvið sveitarfélaganna, framhaldsskólarnir, heilsugæslan, lögreglan og íþróttafélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: Hver aðili geri áætlun um dreifingu upplýsinga um Púlsinn til síns starfsfólks, dreifing upplýsinga tryggð • 2027: Eftirfylgni
Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Árangursmælingar (KPI)

Allir stjórnendur skóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, framhaldsskóla, samfélagslögregluþjónar og yfirmenn íþróttafélaga hafa fengið upplýsingar um Púlsinn til dreifingar til síns starfsfólks samkvæmt áætlun (september 2026).

A5.2 Markviss og regluleg kynning á flæðiritum lögreglu og tilkynningarskyldu til barnaverndar

LM5: Bætt öryggi og öryggistilfinning barna

Hvað á að gera

Flæðirit frá lögreglu um heimilisofbeldi og hvernig greina megi vísbendingar um ofbeldi gegn barni verður dreift til skóla, leikskóla, framhaldsskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, ungmennahúsa, á allar heilsugæslur og í öll íþróttahús. Sama gildir um sambærileg flæðirit lögreglu um vopnaburð og kynferðisofbeldi, þeim verður einnig dreift á sömu staði. Kynningaráætlun, allir aðilar farsældarráðs útbúi kynningar og kynningaráætlun fyrir starfsfólk sinnar stofnunar sem tryggir að flæðiritin séu kynnt fyrir starfsfólki sem vinnur með börnum. Tilkynningarskyldan til barnaverndar og verklag tengt henni kynnt öllu starfsfólki við sama tækifæri. Árleg aðgerð að hausti.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Lögregla varðandi dreifingu flæðiritanna og árlega áminningu um þau. Aðilar farsældarráðsins varðandi kynningar og kynningaráætlanir fyrir starfsfólk sinnar stofnunar. Barnavernd ber ábyrgð á kynningarefni um tilkynningarskylduna. Samstarf: BOFS, allir aðilar farsældarráðs

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026-2027: Lögregla dreifir flæðiritum til allra aðila: Heilsugæslna, íþróttafélaga/-húsa, leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, ungmennahús, framhaldsskóla, félagsþjónustu. • 2027–2030: Dreifing efnis, eftirfylgd, árlega minnt á flæðiritin og verklagsreglur um tilkynningarskyldu. Kostnaður: Lögregla metur og ber ábyrgð á kostnaði er varðar flæðiritin og dreifingu þeirra.

Árangursmælingar (KPI)

Flæðiritin send til allra aðila farsældarráðs. Áætlun um árlegar kynningar á flæðiritum og verklagi um tilkynningarskyldu til staðar hjá öllum aðilum farsældarráðs.

A5.3 Samvinna og stuðningur barnaverndar við leikskóla

LM1: Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Hvað á að gera

Barnaverndarþjónustur tryggja að leiðbeiningar um samskipti, ráðgjöf og upplýsingamiðlun barnaverndar og leikskóla liggi fyrir í sveitarfélaginu og séu kynntar leikskólastjórnendum með reglubundum hætti. Fræðsla um tilkynningarskyldu til barnaverndar skal tryggð með sama hætti og fyrir starfsfólk annarra stofnanna sem veita börnum og ungmennum þjónustu hjá aðilum.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Barnaverndarþjónustur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarf: Fræðsluvið sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, BOFS, verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins, lögregla (ef við á), heilsugæsla (ef við á)

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2027: Leiðbeiningar barnaverndar til leikskóla lagðar fram innan hvers sveitarfélags. • 2028–2030: Viðhald og árlegt mat.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks

Árangursmælingar (KPI)

100% leikskólastjórnenda fá fræðslu um leiðbeiningar þegar kemur að samskiptum og tilkynningum til barnaverndar (lok árs 2027).

Aukið öryggi starfsfólks þegar kemur að því að tilkynna til barnaverndar (mælt í könnun) um $\geq 20\%$ 2029.

Aukin ánægja leikskólastjórnenda með upplýsingaflæði frá barnavernd (mælt í könnun) um $\geq 20\%$ 2029.

A5.4 Betri öryggistilfinning barna á skólasalernum

LM5: Bætt öryggi og öryggistilfinning barna

Hvað á að gera

39,7% barna á höfuðborgarsvæðinu lýsa óöryggi við að nota salerni í skólanum.

Vakin verði athygli skólastjórnenda á þessari mælingu og þeir hvattir til að huga að mælingunni innan síns skóla.

Mótaðar verði ráðleggingar fyrir skóla varðandi það hvernig auka megi öryggistilfinningu barna á skólasalernum í grunnskólum og framhaldsskólum.

Ráðleggingarnar verði byggðar á skoðanakönnunum barna. Þegar liggja fyrir gagnlegar niðurstöður frá Réttindaskólum UNICEF á höfuðborgarsvæðinu. Þar kemur m.a. fram að tímaskynjaratengd ljós, opnir básar, þungar hurðir, ruslafötur án loka og vape notkun unginga á salernum eru meðal ástæðna fyrir óöryggistilfinningu barna á skólasalernum.

Ráðleggingarnar verði einfaldar og nýtist vel við skipulag nýbygginga og endurbóta á skólahúsnæði.

Ráðleggingarnar verði kynntar öllum skólastjórnendum grunnskóla og framhaldsskóla.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Verkefnastjóri farsældarráðs.

Samstarf: UNICEF á Íslandi, fræðslusvið og umhverfis- og skipulagssvið sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, framhaldsskólar.

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2027: Ráðleggingar unnar. Ráðleggingar kynntar fyrir öllum skólastjórnendum grunnskóla og framhaldsskóla • 2028: Þekking á ráðleggingum og nýtingu þeirra könnuð.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks. 2027: 500 þús kr. laun til UNICEF á Íslandi

Árangursmælingar (KPI)

Aukin öryggistilfinning á skólasalernum mælist í könnun ÍÆ (Árlega frá 2028).

A5.5 Öryggi barna í strætó – samráð við ungmennaráð

LM5: Bætt öryggi og öryggistilfinning barna

Hvað á að gera

Samvinna við Strætó/Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins um forvarnir, viðbrögð við áreitni og fræðslu til bílstjóra í formi reglulegs samráðs við fulltrúa úr ungmennaráðum sveitarfélaganna – formlegur samráðsvettvangur stofnaður. Fulltrúar ungmennaráða komi að því að kortleggja áhættur fyrir börn í strætó og koma með tillögur að úrbótum. Strætó/ASH geti sýnt fram á að hann hefur komið til móts við þeirra tillögur að einhverju marki.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Fulltrúar Strætó/ASH og umsjónarmenn ungmennaráða sveitarfélaganna, verkefnastjóri farsældarráðs
Samstarf: Ungmennaráð sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, lögregla, verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins
ATH aðgerð er háð samþykki Strætó/ASH.

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: Samráðsvettvangur stofnaður og verklagsreglur mótaðar • 2027-2029: Reglulegir fundir, úrbætur Strætó • 2029-2030: Mat á árangri

Kostnaður: Ábyrgð Strætó/ASH.

Árangursmælingar (KPI)

Fjöldi úrbóta sem Strætó getur tengt við tillögur frá samráðsvettvangi. (2029)



AUKIÐ JAFNRÆÐI BARNNA

Aukið jafnræði barna

Yfirlit aðgerða



- A6.1: Aukinn stuðningur fyrir börn með stuðningsþarfir til virkni í íþróttum
- A6.2: Samvinna um fjölmennningarlega nálgun við heimilin - handbók
- A6.3: Viðmið um verklag fyrir ungmennaráð sveitarfélaga og aðkomu að ákvarðanatöku

A6.1 Greining og mat á stuðningi fyrir börn með stuðningsþarfir til virkni í íþróttum

LM6: Aukið jafnræði barna

Hvað á að gera

Skilgreina hvaða stuðning vantar til að gera börnum með stuðningsþarfir betur kleift að stunda íþróttir. Hér er bæði átt við stuðningsþarfir fyrir börn sem geta tekið þátt í hefðbundnu íþróttastarfi og fyrir börn sem þurfa sértækt starf. Greining kynnt fyrir sveitarfélögum og íþróttafélögum.

Svæðisfulltrúi útbýr verkfærakistu fyrir og í samstarfi við íþróttafélög með góðum lausnum og verkefnum (best practices) þar sem sérstaklega hefur verið stutt við börn með stuðningsþarfir. Verkfærakista kynnt og gerð aðgengileg fyrir íþróttafélög.

Svæðisfulltrúi kortleggur styrki í boði og samstarfsvilja íþróttafélaga. Styrkjamöguleikar kynntir fyrir íþróttafélögum á markvissan hátt.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna og íþróttafulltrúar sveitarfélaganna

Samstarf: Íþróttafélög, foreldrar, ÍSÍ, sveitarfélögin

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2026: Greining á hvaða stuðning vantar fer fram. Verkfærakista útbúin. Styrkjamöguleikar teknir saman. Áhugi íþróttafélaga kortlagður • 2027: Kynning á verkfærakistu og styrkjamöguleikum í samræmi við kortlagningu á áhuga íþróttafélaganna. • 2028–2029: Svæðisfulltrúar sinna eftirfylgni og taka saman hvað íþróttafélögin hafa gert (nýting á verkfærakistu og styrkjamöguleikum) og meta hvernig stuðningur hefur aukist.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Árangursmælingar (KPI)

Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna taka saman aðgerðir sveitarféлага og íþróttafélaga þessu tengdu.

A6.2 Handbók fyrir starfsfólk um menningarnæmi og millimenningarfærni

LM4: Betri tenging milli heimilis og skóla

Hvað á að gera

Tekin er saman handbók fyrir þjónustuveitendur um virðingu og menningarnæmi í samskiptum við fjölskyldur af erlendum uppruna. Kynnt öllum aðilum farsældarráðs, einnig ungmennaráðum og foreldraráðum.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: SSH (aðkeypt vinna og ráðgjöf)

Samstarf: Verkefnastjórar fjölmennningar og brúarsmiðir hjá sveitarfélögunum, MMS (m.a. brúarsmiðir MEMM)

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2027: Handbók unnin. Handbók kynnt • 2028: Eftirfylgni • 2028–2030: Eftirfylgni og endurmat

Kostnaður: 2027: 2 milljón vegna verkefnastjóra, 1 milljón vegna kynninga.

Árangursmælingar (KPI)

Handbók tilbúin (2027)

A6.3 Viðmið um verklag fyrir ungmennaráð sveitarfélaga og aðkomu að ákvarðanatöku

LM6: Aukið jafnræði barna

Hvað á að gera

Útbúin eru viðmið tengd verklagi ungmennaráða og aðkomu þeirra að ákvarðanatöku.

Ábyrgð og hlutverk

Leiðandi: Umsjónarmenn ungmennaráða á höfuðborgarsvæðinu

Samstarf: Ungmennaráð á höfuðborgarsvæðinu, verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Tímalína og kostnaður

Tímalína: 2027: Viðmið unnin • 2027: Viðmið kynnt og lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar í þeim tilfellum sem þau fela í sér breytingar á verklagi ungmennaráða • 2028–2030: endurmat

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

Árangursmælingar (KPI)

Lágmarksviðmið um verklag ungmennaráða á höfuðborgarsvæðinu og aðkomu þeirra að ákvarðanatöku sveitarfélaga uppfyllt í öllum sveitarfélögum. (2028)



ÁRANGUR OG EFTIRFYLGD

Árangursmat og framvinda



- Árleg framvinduskýrsla (birt fyrir 1. júní ár hvert)
- Mælikvarðar tengdir hverri aðgerð (KPI)
- Árleg endurskoðun forgangs, aðgerða og kostnaðaráætlunar: Uppfærð aðgerðaáætlun birt 1. maí árlega og borin undir sveitarstjórnir og aðra aðila til samþykktar.
- Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins



KOSTNAÐUR

Kostnaðaráætlun



- Kostnaður sveitarfélaganna 2026:
 - 22 milljónir
 - 22 milljónir hafa fengist í tengslum við áhersluverkefni sóknaráætlunar:
 - 10 m: Ráðgjöf fyrir foreldra barna með vímuefnavanda
 - 6 m: Farsældarerindreki
 - 5 m: Foreldrafræðsluleiðarvísir
 - 1 m: Skólasóknarvandinn - kynningarherferð
- Kostnaður sveitarfélaganna 2027:
 - Að hámarki 16 milljónir
 - Möguleiki á einhverri fjármögnun í tengslum við áhersluverkefni sóknaráætlunar 2027.
- Árlegur kostnaður 2028, 2029, 2030:
 - 6,5 milljónir
 - Endurskoðuð kostnaðaráætlun lögð fyrir sveitarstjórnir árlega í maí

Kostnaðaráætlun



- Kostnaður 2027: 16 milljónir

Kostnaður samkvæmt aðgerðum:		
	2027	Skýring
A1.2 Farsældarerindreki	5	Þróun, hönnun, kynning, rekstur
A1.3 Farsældarvika	2.5	Sameiginlegir viðburðir, efni, miðlun
A3.1 Foreldrafræðsluleiðarvísir	3	Áframhaldandi vinna, kynningar, miðlun
A4.2 Verkfærakista: Efling samvinnu heimilis og skóla	2	Laun til verktaka - Heimili og skóli
A5.4 Ráðleggingar fyrir skóla um öryggi á skólasalernum	0.5	Laun til verktaka - UNICEF
A6.2 Handbók fyrir starfsfólk um menningarnæmi	3	Laun til verktaka, kynning og innleiðing
Samtals:	16	

- Kostnaður 2027 eftir sveitarfélögum:
 - Reykjavík: 8.964.712 kr
 - Kópavogur: 2.538.057 kr
 - Hafnarfjörður: 2.045.443 kr
 - Garðabær: 1.293.598 kr
 - Mosfellsbær: 868.170 kr
 - Seltjarnarnesbær: 290.020 kr



Kostnaðaráætlun

- Árlegur kostnaður 2028, 2029, 2030:
 - 6,5 milljónir
 - 2,5 milljónir árleg farsældarvika – m.a. sameiginlegir viðburðir
 - 4 milljónir farsældarerindreki - rekstur, þróun, betrumbætur
- Árlegur kostnaður eftir sveitarfélögum:
 - Reykjavík: 3.641.914 kr
 - Kópavogur: 1.031.086 kr
 - Hafnarfjörður: 830.961 kr
 - Garðabær: 525.524 kr
 - Mosfellsbær: 352.694 kr
 - Seltjarnarnesbær: 117.821 kr